

# EFTIRLITSSKÝRSLA

CRI í Svartsengi Svartsengi, Grindavík



<b>Dags eftirlits</b>	1.4.2014	<b>Fulltrúi UST</b>	Guðbjörg Stella Árnadóttir
<b>Fyrirtæki</b>	CRI í Svartsengi	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Heimili</b>	Borgartún 27, Reykjavík	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	530306-0540	<b>Flokkur</b>	Verksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gunnar Þórðarson, öryggis- og gæðastjóri	<b>ÍSAT nr.</b>	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Ómar Sigurbjörnsson	<b>Staðsetning</b>	329903,036 383317,415

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirliti en beðið er svars frá Umhverfissráðuneytinu hvað varðar undanþágubeiðni vegna útistandandi fráviks frá fyrri eftirlitum. Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Verksmiðjan hefur verið í gangi frá 20. janúar 2014 og var enn í gangi þegar eftirlitið fór fram. Stefnt er að því að keyra verksmiðjuna út apríl en þá verður framleiðslan stöðvuð vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Farið var yfir VOC mælingar í útblásturslofti sem gerðar voru þann 22. janúar 2014 og eru niðurstöður þeirra mælinga allar vel innan marka starfsleyfis.

Engar breytingar hafa verið á starfsemi síðan í síðasta eftirliti og engar kvartanir hafa borist.

Rekstrarhandbók var skoðuð og skráningar virðast vera í góðu lagi. Lekaprófanir á lögnum eru gerðar reglulega og þjálfun starfsmanna er eftir ákveðnum verkferlum og er það skráð í rekstrarhandbókina. Þar er einnig skráð öll losun á sorpi og flutningur geymslugema fyrir framleiðsluna.

Úrgangsspilliefni s.s. amínlausn og lútur fara í spilliefnamóttöku.

Rætt var um undanþágubeiðni vegna gr. 2.8 í starfsleyfi sem send var Umhverfissráðuneytinu þann 12. september 2013 en ekkert svar hefur enn borist og fengust þau svör frá ráðuneytinu að erindið væri enn í vinnslu. Beðið verður því með frekari ákvarðanir þar til svar hefur borist við undanþágubeiðninni.

## ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

## ANNAÐ

Rekstraraðili óskaði eftir álit Skipulagsstofnunar um stækkun verksmiðjunnar úr 10 tonnum upp í 12 tonn. Taldi Skipulagsstofnun að sú stækkun hefði ekki mikil áhrif en tók fram að fyrirtækið þurfi að fara í umhverfismat þegar 2ja ára tilraunarkeyrslutímanum lýkur og er það væntanlega í lok ársins 2015.

Fyrirhugað er að stækka verksmiðjuna nú í sumar. Áætlað er að ljúka þeirri stækkun í haust og þá verður keyrt á þreföldum afköstum miðað við það sem er í dag en verksmiðjan hefur ennþá ekki verið keyrð á fullum afköstum. Rafgreinum verður fjölgað úr einum í þrjá og byggt verður við rafgreinarmið. Nýjar gaspressur verða settar upp og fjölgað úr einni yfir í tvær. Rekstraraðili hyggst sækja um nýtt starfsleyfi og stefnt er að því að undirbúningur vegna þeirrar umsóknar verði unninn samhliða umhverfismati og að þeirri vinnu verði lokið fyrir árslok 2015, eða áður en núverandi starfsleyfi rennur út.


Rekstraraðili hefur hætt að nota geymslugáma sem staðsettir eru á Keflavíkurflugvelli. 20.000L tankgeymir er notaður undir framleiðsluna og stendur hann á steypu plani. Tankurinn er fluttur af svæðinu áður en nýr tankur kemur. Undir planinu er vökvaheld öryggisþró.

Stefnt er að næsta eftirliti í október, eða þegar framkvæmdum verður lokið. Óskað er eftir því að tilkynning verði send til stofnunarinnar þegar framkvæmdum hefur verið lokið og verksmiðjan sett aftur í gang.

Verksmiðjan var í alla staði snyrtileg og vel haldið utan um skráningar. Metnaður er hjá rekstraraðilum að vinna að góðum rekstri.

Darri Eypórsson var einnig viðstaddur eftirlitið.

Reykjavík, 03.04.2014



Guðbjörg Stella Árnadóttir

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.